



Hjallastefnan

Niðurstöður – könnun foreldra í Hjalla, könnun lögð fyrir í desember 2019.

Samanburðarkönnun frá desember 2018.

Svörun í ár var um 59% sem er örlítið minni svörun en í samanburðarkönnun.

Fyrst voru foreldrar spurðir að því hvort þau séu sammála eða ósammála því að vel sé tekið á móti barni þeirra þegar það kemur í skólann.

Nú svara tæplega 96% foreldra að þau séu mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu. sem er hækkun frá fyrra ári sem voru þá 92%. Rúm 1% svara hvorki né og tæp 1% veit ekki eða svara ekki á meðan um 2% eru mjög eða frekar ósammála.

Þegar spurt var hvort foreldrar séu ánægðir eða óánægðir með samskipti sta_rfsfólks og barnanna í skólanum og tæplega 99% segjast vera mjög eða frekar ánægð með þau nú á móti tæplega 94% í fyrra.

Næst var spurt hvort foreldrum fyndist starfsfólk sjaldan fjarverandi á kjarna barnsins þeirra og þá voru rúm 55% mjög sammála, 31% frekar sammála en rúm 6% frekar ósammála þessari staðreynd. í fyrra voru voru um 80% frekar eða mjög sammála og um 5% frekar ósammála.

Í fjórðu spurning könnunar var spurt um líðan barns þegar það er sótt í lok dvalartíma. Nú svöruðu rúm 81% mjög vel, tæp 18% frekar vel og tæpt 1% hvorki né. Til viðmiðunar voru tæp um 98% sem svöruðu mjög eða frekar vel.

Því næst voru svarendur beðnir að mynda skoðun um fullyrðinguna, ég á gjarnan gæðastund með barninu eftir að dvöl í leikskólanum lýkur. Þar voru um 90% mjög eða frekar sammála en í samanburðarkönnun voru tæp 92% mjög eða frekar sammála en um 2% voru frekar ósammála eða óviss.

Dvalartími barnsins ræðst að öllu leyti af vinnutíma foreldris var næst og þar voru nær 90% sem voru mjög eða frekar sammál, tæp 10% svöruðu hvorki né og um 3,5% voru mjög eða frekar ósammála þessari fullyrðingu. Í fyrra var svarhlutfall mjög svipað.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is





Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Næst voru svarendur beðnir um að svara fullyrðingu um hversu sammála eða ósammála þau eru með að þau fái góða úrlausn sinna mála hjá stjórnendum skólans. Hér voru tæp 92% mjög eða frekar sammála, um 5% hvorki né og rúm 1% frekar ósammála. Í fyrra voru um 85% mjög eða frekar sammála og um 7,5% svöruðu hvorki né.

Þá voru foreldrar spurðir hvort þeir þekki til tilraunaverkefnis um styttingu vinnudagsins. Um 74,5% þekktu til þess í ár, en rúm 71% í fyrra.

Um 61% voru mjög eða frekar sammála um að verkefnið um styttingu vinnudagsins hafi jákvæði áhrif á gæði skólastarfsins. Um 24% hvorki né og um 14% sem völdu veit ekki/vil ekki svara. Í samanburði eru um 60% sem eru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu í fyrra.

Um 38% eru mjög eða frekar sammála að verkefnið hafi jákvæð áhrif á líðan barnsins, tæp 39% hvorki né og rúm 21% vita ekki eða vilja ekki svara.

Í samanburði voru niðurstöður mjög svipaðar í fyrra.

Mér finnst Hjallastefnan ætti að vera leiðandi afl í að stytta vinnutímann á Íslandi var næsta fullyrðing. Þar voru um 70% sem svöruðu mjög eða frekar sammála, um 19,5% svöruðu hvorki né og um 3,5% mjög eða frekar ósammála. Um 7% svöruðu að þau vissu ekki eða svöruðu ekki.

Næst var spurt hvort foreldrar þekki hugmyndafræði Hjallastefnunnar vel. Þar voru um 46% mjög sammála rúm 48% frekar sammála og um 5,5% hvorki né.

Þá voru foreldrar spurðir hvort þau hefðu áhuga á frekari fræðslu um hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Þar voru rúm 66% sem voru mjög eða frekar sammála, um 28% hvorki né og um 5% frekar og mjög ósammála.

Síðustu tvær spurningar voru ekki í samanburðarkönnun.

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með skólanum við vini þína eða fjölskyldu. Þar voru 86% sem svöruðu mjög líklegt, tæp 12% frekar líklegt og um 2% hvorki né.





Hjallastefnan

Í fyrra voru rúm 74% sem svöruðu mjög líklegt, 19,5% sem sögðu frekar líklegt og rúm 4% sem svöruðu hvorki né. Um 2% svöruðu þá mjög eða frekar ólíklegt.

Að lokum voru foreldrar beðnir um að gefa skólanum gæðaeinkunn. 35,66% gáfu skólanum 10 í einkunn, tæp 42% gáfu 9 í einkunn, tæp 19% 8, um 2% 7 og 1,4% einkunnina 5.

Í samanburði frá því í fyrra voru 22,56% sem gáfu einkunnina 10, 41,46% gáfu 9, rúm 27% gáfu 8, rúm 6% gáfu 7, tæp 2% gáfu 6 og tæpt 1% gáfu 5.

Meðaleinkunn skólans í ár er 9,07 en 8,75 í fyrra.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Samantekt á opnum svörum:

Það sem foreldrar telja jákvætt í starfinu:

- Dásmlengt hvað er tekið vel á móti barninu á morgnana.
- Það var mikil velta á starfsfólki, allt annað í ár og við erum í skýjunum.
- Frábært starfsfólk
- Góð samsskipti
- Jákvæðni og hlýja
- Mikill áhugi á líðan barna
- Finnum ást og hlýju gagnvart barninu
- Yoga og enska
- Frábært að fá myndir úr skólastarfinu
- Barninu mínu er sýnd mikil væntumþykja
- Hlýleiki
- Starfsfólkið mætir vel
- Frábær andi hjá starfsfólki, gott að upplifa það
- Lítið áreiti, ró og gott andrúmsloft
- Ýtið undir sjálfstraust, hugrekki og ímyndunarafli barnanna
- Fagmennska
- Persónuleika hvers barns leyft að njóta sín
- Við höfum tamið okkur margt af því sem við höfum lært á Hjalla og allir eru ánægðari fyrir vikið
- Barninu mínu líður alltaf vel þegar ég sæki það – það segir allt

Það sem foreldrar telja að megi betur fara:

- Of mikill hávaði á kjarna í lok dags
- Gæta að því að klæða börnin vel í kulda
- Skólafatnaður
- Skráningar í Karellen, að þær séu alltaf til staðar





Hjallastefnan

- Aðlögun á milli kjarna
- Gæta að því að ekki komi fyrir að starfshópur sé of fáliðaður að ekki gefist rými til bleyjuskipta
- Upplýsingagjöf frá starfsfólki til síðdegisvaktar
- Mætti stundum lofta betur út
- Fá betra yfirlit yfir málörvun og verkefni sem er verið að vinna

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Tilfni til úrbóta:

Niðurstöður voru kynntar á fundi með starfsfólki þann 22. janúar 2020.

Þar var strax farið yfir þá þætti sem væri hægt að laga strax, t.d. skráningar í Karellen, gæta að því að klæða börnin eftir veðri, upplýsingagjöf á milli starfsfólks og loftun út á kjarna.

Búið er að bæta upplýsingagjöf og yfirlit á kjörnum hvað varðar málörvunarverkefni sem verið er að vinna.

Stjórnendur eru að vinna í að greina skipulag á kjörnum og finna út leiðir til að bæta hávaða og álag sem getur orðið til þess að starf með börnum tapi gæðum. Hver kjarni er endurmetinn og skipulag á vöktum, uppsetningu á dagsskipulagi starfsfólks og fleiri þættir eru þar undir. Nú þegar hafa breytingar verið gerðar og munu stjórnendur halda utan um það verkefni áfram.

Ábendingar um skólafatnað hafa verið sendar á viðeigandi aðila.

Ábyrgðaraðilar á samantekt á niðrustöðum og framkvæmd á úrbótum:

Íris Helga Baldursdóttir, skólastýra

Karen Helga Viðarsdóttir, aðstoðarskólastýra

